

## 1096. stjórnarfundur VR

### Haldinn fimmtudaginn 14. ágúst 2013, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Sigurður Sigfússon, Ásta Rut Jónasdóttir, Birgir Már Guðmundsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Páll Örn Líndal, Rannveig Sigurðardóttir, og Óskar Kristjánsson. Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir kom kl. 18:00 og Jóhanna Rúnarsdóttir kom kl. 18:15  
Einnig sat fundinn Árni Leósson sviðsstjóri VR  
Formaður VR, Ólafía B. Rafnsdóttir, setti fundinn kl.17:55

Dagskrá:

#### 1. Fundargerðir síðustu funda Fundargerð 1094. fundar dreift og hún samþykkt.

Athugasemdir komu við fundargerð 1095. fundar og verður henni dreift eftir lagfæringar á næsta fundi stjórnar.

Undir þessum lið urðu umræður um VR gáttina og í ljós kom að ekki höfðu allir stjórnarmenn náð að nálgast þau gögn sem þar voru og vörðuðu stjórnarfundinn. Stutt kynning fór því fram á gáttinni.

#### 2. Starfsmenntanefnd - kynning Fríðar Birnu

Fríður Birna fór yfir störf nefndarinnar frá því í maí í vor, en þá var nefndin stofnuð. Næst lagði hún fram skjalið “Starfsreglur og hlutverk starfsmenntanefndar VR” dags. júní 2013 og fór yfir innihald þess. Að loknum stuttum umræðum voru þær samþykktar samhljóða. Í umræðum kom m.a. fram að einhver “gulrót” þyrfti að vera til staðar til að verslunarfólk, sérstaklega yngri félagsmenn, sæu ástæðu til að eyða tíma í að sitja násmkeið fyrir verslunarfólk. Einnig kom fram að nauðsynlegt væri að fá bókun um málaflökkinn inn í næstu kjarasamninga og það þyrfti að ákveða hvaða námsefni yrði í forgrunni. Starfsreglur starfsmenntanefndar má nálgast á vef VR.

#### 3. Sjúkrasjóður - láglounastyrkir. Ingibjörg Ósk

Ingibjörg Ósk sagði frá því að láglounastyrkirnir hafi á sínum tíma verið settir á laggirnar til að kom til móts við þá sem eru tekjulægstir. Ástæðan er sú að með tilkomu varasjóðsins skertust möguleikar þeirra sem eru með lágar tekjur til styrkja frá VR, enda varasjóðurinn tekjutengdur. Verkefnið hefur ekki gengið sem skyldi og því lagt til að því verði hætt frá og með 1. september 2013. Áhersla lögð á að það komi eitthvað í staðin. “Mitt VR” nefnt í því sambandi. Formaður VR nefndi að stofna mætti sjóð, og vísaði í því sambandi til Eflingar, til að hjálpa þeim sem orðið hafi fyrir áföllum. Framkvæmdastjórn sjúkrasjóðs falið að koma með tillögu, sem feli í sér lausn á styrkjamálum fyrir þá tekjulægstu fyrir 31. desember 2013.

#### 4. Orlofssjóður – minni orlofshús. Sigurður Sigfússon

Sigurður kynnti tillögur að fyrirhugaðri stækkun á orlofshúsabyggðinni í Miðhúsaskógi en þær fela í sér botlanga fyrir 5 minni orlofshús, sem staðsettur er milli leiksvæðisins og vegarins upp að tjaldsvæðinu.

Búið er að fara yfir og skoða hvað allir helstu birgjar og framleiðendur hafa uppá að bjóða og var niðurstaðan að mæla með því að tekið yrði tilboði frá Trésmiðjunni Akri á Akranesi, en þess má geta að orlofshúsin í Miðhúsaskógi eru frá þeim. Mikil vinna hefur verið lögð í teikningar á þessum húsum, sem enduðu í 37,2 fermetrum að stærð. Góð verönd er við húsin og heitur pottur. Frumathugun á kostnaði við jarðvinnu, bílastæði, veg og rotþró hljóðar uppá tæpar kr. 20.000.000 en þá var gert ráð fyrir 3 húsum. Altíllboð í húsin frá Akri hljóðar uppá tæpar kr. 15.000.000 pr. hús.

Fyrir fundinn voru lagðar eftirfarandi tillögur frá Orlofstjórnarfundum sem haldinn var 14. ágúst 2013. “Samþykkt að mælt sé til þess við stjórn VR að farið verði út í þessa framkvæmd með 3 hús og tillaga verði fullunnin.” Einnig. “Samþykkt að mælast til þess við stjórn VR að þessi hús frá Trésmiðjunni Akri verði valin í þessari framkvæmd með þeim breytingum sem voru ræddar um stærri hurð á alrými”

Fram kom breytingartillaga um að í stað 3ja húsa yrðu húsin 5 og var hún samþykkt með þeim fyrirvara að nægt fé fengist til framkvæmdanna og síðan voru tillögur Orlofstjórnar samþykktar með áorðnum breytingum. Það kom fram í umræðum að fjármögnun þessa verkefnis var tryggð með gjöf VR til Orlofssjóð í tilefni af 120 ára afmælis VR 2011. Var þar um að ræða kr. 120.000.000 sem áttu að notast til uppbyggingar í Miðhúsaskógi á næstu 3 árum. (2011 – 2013)

#### 5. Kjarakönnun – niðurstöður.

Samþykkt að fresta þessum lið til næsta stjórnarfundar VR 28. ágúst 2013 en sá fundur mun fjalla um kjaramál. Skipuð var fjögurra manna nefnd til að undirbúa könnun sem ákveðið hefur verið að fara út í. Nefndina skipa: Rannveig Sigurðardóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ólafía Ása Jóhannesdóttir og Ragnar Þór Ingólfsson. Með þeim í nefndinni eru starfsmenn VR þau Steinunn og Árni.

#### 6. Samantekt af vinnufundi Kjaramálasviðs.

Samþykkt að fresta þessum lið til næsta stjórnarfundar VR 28. ágúst 2013 en sá fundur mun fjalla um kjaramál.

#### 7. Skipa í laganefnd og húsneðisnefnd.

Ólafía kom með tillögur um hverjir sætu í þessum nefndum og eftir umræður var eftirfarandi samþykkt: Í laganefnd voru skipuð: Rannveig, Fríður Birna, Sigurður og Kristjana, sem aðalmenn.

Fram kom að nausynlegt væri að fara að vinna að lagabreytingum, sérstaklega kaflanum um stjórnarkjör, sem allra fyrst.

Í 5 manna húsneðisnefnd voru skipuð: Bjarni Þór, Ragnar Þór, Ólafía Ása, Ingibjörg Ósk, Benóný Valur og Helga Ingólfssdóttir til vara. Í umræðum kom fram að setja þurfi nefndinn markmið og skilgreina þau.

Fundi slitið kl. 21.55

Sigurður Sigfússon, fundarritari